

sögum Pjeturs biskups er saga af "Matvanda manningum". Hann hafði ólyst á baunum. En sá sem er matvandur á fyrir hendi að verða svangur, og þessum sama manni refsaði Drottinn þannig, að þegar hann fór að búa svalt hann heilu hungri, þangað til hann varð feginn að borða baunir.

Ekki var um það hugsað, að matvendingin gæti stafað af ólyst á því hversu fæðan væri tilbúin og fram borin.

Að þjóðin lenti í niðurlægingu og ósjálfstæði með þessum hugsunarhætti var ekki að furða. Það hlaut að hafa áhrif á alla síði hennar og háttsemi. Enda varð hún sú aumasta töturmynd gullaldarinnar, hversu sem hún reyndi að halda í guðhræðsluna. Enda getur ekki ólíkari hugsunarhátt, fegurðarskilning og mat á mannlegu gildi. Persónu hirtni, hreinlæti, breysti og hugðirfð einkendu gullöldina. Hvað segja ekki Hávamál:

"Vatns er þörf, þeim er til verðar kemr,

þerru ok þjóðlaðar.

Goðs um æðis ef sjer geta mætti

Orðs ok endrþögu".

Vatns er þörf þeim er gengur til borðs og þerru (þurku), svo hann geti sjer gott orð um háttþrýði.

Og á öðrum stað segir:

"Þvegin ok mettur, ríði maðr þingi at

þótt hann sét væddr til vel".

Þótt hann sje ekki skrautbúinn. Vera hreinn á mannamótum.

Þessi hlið menningarinnar um síði og háttþrýði, hefir ekki verið svo rækilega rædd sem skyldi, og er þess þó ærin þörf. Læknar vorir hafa tekið ofan í við óþrífnað eingöngu frá sjónarmiði sjúkdóma, en það er til önnur hlið þess máls og er sú meiri, en það er hlið fegurðar tilfinningarinnar er hverju þjóðfjelagi er nauðsynlegt að þroska, eigi það sjálfst að þroskast og mannast. Virðingin sem fegurðaræmið skapar hjá manningum sjálfum, fyrir sjálfum sjer og öðrum, er bezta stoðin yfir alla æfina, undir þá ætlan að lifa virðulega og breyta rjett.

Franska þjóðin er alment viðurkend bezt mentuð og faguðust allra þjóða. Í því efni hefir hún verið öfunduð af öllum þjóðum. En er vjer lítum til sögu Frakka þá er þetta cölilegt. Það er